



Vatnajökulsþjóðgarður
Norðursvæði
Fundur svæðisráðs
9. mars 2015
Haldinn á Húsavík í sal Framsýnar

Mætt: Böðvar Pétursson (formaður) frá Skútustaðahreppi, Friðrika Sigurgeirsdóttir frá Þingeyjarsveit, Örlygur Hnefill Örlygsson frá Norðurþingi, Sigprúður Stella Jóhannsdóttir frá umhverfisverndarsamtökum, Grétar Ingvarsson frá samtökum útivistarfélaga, Hjörleifur Finnsson þjóðgarðsvörður og Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir hálendisfulltrúi sem ritaði fundargerð.

1. Holuhraun. Fundur vísindamannaráðs almannavarna í fyrramálið mun skera úr um hvort svæðið sé nógu öruggt til að aflétta megi lokunum. Landverðir hafa skoðað aðstæður. Ef ekki er hættu af gasi, er talinn möguleiki að merkja gönguleið að gígnum að sunnanverðu og mögulega leiða umferð einnig að austurjaðri hraunsins. Vegna verndargildis verður umferð einungis heimiluð um merktar leiðir. Leiðin að gígnum verður væntanlega eingöngu vetrarleið, þar sem vatn undan jökli mun að líkindum hamla aðgengi að sunnan. Með tilliti til náttúruverndar og öryggis þarf að auka landvörslu, hafa leiðir vel stikaðar, skýrar varúðarmerkingar og upplýsingar um svæðið (mögulega einblöðung). Viðbragðsáætlun er í vinnslu í samvinnu við lögreglu. Allt verði reynt til að undirbúa svæðið og opna um leið og Almannavarnir aflétta lokunum. Reynist það ómögulegt, verði lokun af hálfu þjóðgarðsins í svo skamman tíma sem vera má.
Eftirfarandi bókun var gerð:

“Í ljósi þeirra aðstæðna sem skapast hafa á norðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs vegna eldgoss í Holuhrauni og þess álags sem það hefur valdið á starfsemi svæðisins, vill svæðisráð norðursvæðis beina eftirfarandi til stjórnar þjóðgarðsins:

Annars vegar að tryggja næga fjármuni til norðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs þannig að heilsársstarfsmenn geti bæði sinnt rekstri og fjölbreyttum verkefnum svæðisins ásamt því að sinna þeim verkefnum sem framangreindar aðstæður hafa skapað. Það verður best gert með því að auka fjölda heilsársstarfsmanna á svæðinu.

Hins vegar að tryggja næga fjármuni til landvörslu í Holuhrauni þegar almannavarnarástandi lýkur á svæðinu en fyrirsjáanlegt er að mikil aðsókn ferðamanna verði inn á svæðið. Þetta er mikilvægt bæði vegna náttúruverndarhagsmuna en ekki síður öryggishagsmuna almennings. Svæðisráðið álitur mjög mikilvægt að virk landvarsla verði á svæðinu, um leið og opnað verður inn á það, þannig að þeir sem heimsækja svæðið verði upplýstir um þau fyrirbæri sem þar er að finna og eins um þær hættur sem leynast á svæðinu.

Svæðisráðið telur ljóst að fjármagn til þessa verði ekki tekið af áætluðu rekstrarfé garðsins árið 2015.”

2. Virkjun við Svartá, erindi frá Neyðarlínu. Markmiði með sjálfbærari orkunýtingu fagnað. Svæðið við Svartá er mikil vin. Ekki var unnt að taka afstöðu til erindisins vegna skorts á gögnum. Þjóðgarðsvörður óski frekari gagna og kanni hvort framkvæmdin sé tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar.
3. Erindi frá Active North, umsókn um stöðuleyfi fyrir smáhýsis í mynni Ásbyrgis. Hjörleifur lýsti sig vanhæfan og vék af fundi undir þessum lið. Svæðisráð heimilar stöðuleyfi fyrir smáhýsi til eins árs. Einnig er óskað leyfis til að setja niður hjólastand, staðsetning hans heimiluð við umrætt smáhýsi. Deiliskipulag fyrir Ásbyrgi ætti að liggja fyrir á þessu ári.
4. Ársfundur verði haldinn 13.apríl. Þjóðgarðsvörður vinni drög að dagskrá.
5. Önnur mál
 - a. Örnefni í Holuhrauni. Í kjölfar samþykktar á frumvarpi til laga um örnefni er ákvarðanavaldið hjá Skútustaðahreppi. Þess verði óskað við Skútustaðahrepp að Vatnajökulsþjóðgarður fái aðkomu að því ferli.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.